

# HÚSÖNDIN

59.tbl. 2.árg.  
24.apríl 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 25. APRÍL - 1.MAÍ

25.4 *Rósa Eik Gunnarsdóttir*

25.4 *Þórhalla Bergey Jónsdóttir*

26.4 *Igor Kovacic*

28.4 *Eldey Gerda Garðarsdóttir, Ingibjörg Þorleifsdóttir*

1.5 *Thelma Líf Andradóttir, Jón Dagur Héðinsson*



### Söfnun á brotajárni, bílhræjum og timbri 3. til 13. júní

Dagana 3. til 13. júní n.k. verður Mývetningum boðið upp á viðamikla söfnun á brotajárni, bílhræjum, þakjárnri, timbri og fleira stórvægilegu, ykkur að kostnaðarlausu, líkt og gert var í fyrra og mæltist vel fyrir.

Sigurður Kristjánsson bifreiðastjóri á Stöng tekur að sér að fara á býli og víðar um sveitina til þess að hirða draslið. Athugið að hringja þarf í Sigurð með nokkurra daga fyrirvara í síma 892 0157 svo hann geti skipulagt ferðirnar.

Ábúendur í Mývatnssveit eru hvattir til að nýta sér þetta tækifæri til að fegra umhverfið okkar.

Skútustaðahreppur

# Vortónleikar Sálubótar 2019



25 ára afmælistónleikar í  
Þorgeirskirkju þriðjudaginn 30. apríl kl. 20:00

Stjórnandi : Jaan Alavere

Einsöngur : Dagný Pétursdóttir, Einar Ingi Hermannsson, Jaan Alavere  
og Jónas Reynir Helgason

Undirleikur : Jaan Alavere, Marika Alavere, Pétur Ingólfsson  
og Þórgnýr Valþórsson

Miðaverð 2500 kr. Frítt fyrir 14 ára og yngri



# YLUR



Leikskólakennari eða aðili með sambærilega menntun óskast við leikskólann Yl í Mývatnssveit hið fyrsta. Um er að ræða 100% stöðu. Umsóknarfrestur er til 3. maí. Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.

Menntunar og hæfniskröfur

- Leyfisbréf leikskólakennara eða menntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði, sjálfstæði og fagleg vinnubrögð
- Góð færni í samvinnu, samskiptum og teymisvinnu
- Áhugi á starfi með börnum skyliroði
- Áhugi á starfsþróun og nýjum fjölbreyttum áherslum í skólastarfi
- Jákvæðni og sveigjanleiki

Einnig vantar starfsmann í 100% stöðu strax. Menntun æskileg en ekki skylda.

Leikskólinn Ylur er með 32 börn. Stefna leikskólans er Lífsleikni sem byggir á dygðakennslu. Verið er að hefja innleiðingu á Heilsueflandi leikskóla, Jákvæðum aga og Karelle leikskólakerfinu svo eitthvað sé nefnt. Mikil uppbygging í gangi og skemmtileg verkefni framundan. Í Mývatnssveit búa um 500 manns. Í metnaðarfullri mannauðsstefnu sveitarfélagsins kemur m.a. fram að boðið er upp á flutningsstyrk, heilsustyrk, launað frí fyrir barnshafandi konur síðasta mánuð meðgöngu, starfsaldurstengdar greiðslur o.fl. fyrir starfsfólk. Við erum fjölskylduvænt samfélag þar sem er öflugt leikskóla- og grunnskólastarf, boðið er upp á ókeypis skólamáltíðir fyrir börn og ókeypis frístund. Við erum heilsueflandi samfélag.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 8219404. Upplýsingar um launakjör eru veittar á skrifstofu Skútustaðahrepps. Skila þarf umsóknum ásamt ferilskrá á netfangið **ingibjorg@skutustadahreppur.is** eða leggja inn starfsumsókn á heimasíðu leikskólans: **ylur.leikskolinn.is** undir flípanum *upplýsingar*.

# Aðalfundur Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga



Ágætu bændur,

minnum á aðalfund B.S.S.Þ sem haldinn verður laugardaginn 27. apríl nk. í Heiðarbæ kl. 10:00. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Kynntur verður samningur sem náðist um verð á raforku, samkomulag við Eyfirðinga um sæðingar, kosningar, lokið hefur kjörtíma Hlöðver P. Hlöðversson sem ekki gefur kost á sér áfram. Haukur Marteinson hefur lýst yfir framboði í stjórn, skorum á fleiri að gefa kost á sér, ekki síst konur.

Minum sérstaklega á að á aðalfundi í fyrra var ákveðið að búnaðarfélögin kjósi ekki fulltrúa á aðalfund og eru því allir velkomnir á aðalfundinn, þó hafa þeir einir atkvæðisrétt sem eru félagar í búnaðarsambandinu.

Gert er ráð fyrir matarhléi milli 12:00 og 13:00 en þá hefjast fræðsluerindi,

13:00 – *Úr starfi nefndar um félagskerfi bændu,*

Jóna Björg og Baldur Helgi

13:30 – *Auðlindagarður Þingeyinga?*

Finnbogi Magnússon

*Spennandi samstarfsverkefni Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Búnaðarsambandsins, unnið af Sveini Margeirssyni*

14:00 – *Heyverkun til framtíðar, hvernig minnkun við plastið?*

Finnbogi Magnússon.

14:30 – *Eru turnarnir að koma aftur?*

Sigtryggur Veigar

Mætum og tökum þátt í umræðu um mikilvæg málefni.

Kjötsúpa í hádeginu og kaffi í lokin, endilega skráið þátttöku svo allir fái nóg.

Skráning hjá stjórn,

Sigurður, **gautlond@simnet.is**

Viðar, **hofdabrekka21@simnet.is**

Hlöðver, **hp.bjorg@simnet.is**



# Á HÖRPUUNNAR ÓMA

Vortónleikar kórs eldri borgara Í finu formi  
í Skjólbrekku, sunnudaginn 5. maí kl 16:00.

Einsöngur: Baldvin Kr. Baldvinsson  
Söngstjóri: Petra Björk Pálsdóttir  
Meðleikari: Valmar Valjaots

**Fjölbreytt efnisskrá..... Verið velkomin**



# Umsóknir um úthlutun menningarstyrkja – Framlengdur umsóknarfrestur



Í samræmi við reglur um úthlutun menningarstyrkja í Skútustaðahreppi auglýsir velferðar- og menningarmálanefnd eftir umsóknum til menningarstarfs í sveitarfélaginu en þetta er fyrri úthlutun ársins 2019. Skútustaðahreppur veitir styrki til einstaklinga, hópa, félagssamtaka, fyrirtækja og stofnana til almennrar menningarstarfsemi eða verkefni. Við mat á umsóknum skal menningarstefna Skútustaðahrepps höfð til hliðsjónar. Auk þess er horft til eftirfarandi þátta:

- Hvernig verkefnið / starfsemin auðgar menningarlífið í Skútustaðahreppi og hvernig fjármunirnir nýtist í því samhengi.
- Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt, laði að frekara fjármagn og aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd.
- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð.

Sótt skal um verkefnastyrki á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Skútustaðahrepps (undir Stjórnsýsla > Skjöl og útgefið efni > Umsóknar-eyðublöð).

Umsóknir skal senda á netfangið

**skutustadahreppur@skutustadahreppur.is.**

Umsóknarfrestur er til og með **30. apríl 2019.**

## **Velferðar- og menningarmálanefnd**

Kæru lesendur og viðskiptavinir

Í maí mun Garðar Finnsson sjá um Húsöndina fyrir mig, ég verð vonandi sem mest í fjárhúsunum. Þetta hefur engin áhrif á þjónustuna og netfangið er husondin@gmail.com og síminn

849-2804. Hafði það gott

Kær kveðja, Arnþrúður







## Ókeypis fyrir börn í sundlaugina á Laugum – Ókeypis rútuferð laugardaginn 27. apríl -

Skútustaðahreppur býður upp á ókeypis rútuferð í sund á Laugum fyrir fjölskyldur. Næsta rútuferð er á laugardaginn 27. apríl n.k.

### Fyrirkomulagið er eftirfarandi:

Farið er frá hreppsskrifstofu kl. 13.30 laugardaginn 27. apríl n.k. Ókeypis er í rútna. Farið er sunnan vatns og hægt að taka upp fólk á leiðinni við Þjóðveginn.

Til að vita fjöldann þarf að tilkynna þátttöku í rútuferðinni í seinasta lagi kl. 11:45 á föstudegi fyrir ferðina, á netfangið [skutustadahreppur@skutustadahreppur.is](mailto:skutustadahreppur@skutustadahreppur.is) – eða með því að hringja í 464 4163 á hreppsskrifstofu. Gefa þarf upp fjölda fólks og hvar á að taka fólk upp í rútna á leiðinni ef það fer ekki frá hreppsskrifstofu.

Sveitarfélögin Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit hafa gert samkomulag um aðgengi barna og ungmenna í Skútustaðahreppi að sundlauginni á Laugum. Í því felst:

- Börn í Skútustaðahreppi á aldrinum 6-16 ára fá ókeypis aðgang í sundlaugina á Laugum á opnunartíma hennar. Nafnalisti með börnum 6-16 ára með lögheimili í Skútustaðahreppi verður í afgreiðslu sundlaugarinnar og þarf að skrá þau inn.
- Nú þegar er ókeypis fyrir börn yngri en 6 ára.

Að öðru leyti vísast til gjaldskrár sundlaugarinnar:

[https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/gjaldskrar/2019/sundlaugin-a-laugum\\_gjaldskra-2019.pdf](https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/gjaldskrar/2019/sundlaugin-a-laugum_gjaldskra-2019.pdf)

### Vertröpnunartími sundlaugarinnar á Laugum:

- Mánudaga - fimmtudaga - 07:30 til 09:30 og 16:00 til 21:30
- Föstudaga - 07:30 til 9:30
- Laugardaga - 14:00 til 17:00
- Sunnudaga - Lokað

### Athugið:

Í samræmi við reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum er börnum yngri en 10 ára óheimill aðgangur að sund- og baðstöðum nema í fylgd með syndum einstaklinga 15 ára eða eldri. Ekki skal leyfa viðkomandi að hafa fleiri börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna.